




Fólk við borð úti í náttúrunni. „Þetta er svona þykjustukaffiborð,“ sagði Karólína, „því fólkid er ekki með neitt kaffi eða bolla.“




Sjálfsmynd frá 1979.



„Þetta er amma mín, Karólína, en hún bjó í Turnherberginu á Hótel Borg. Svona man ég eftir henni, þar sem hún sat og horfði út um gluggann.“



„Þetta er fólk að bíða, ég veit ekki eftir hverju. — Það bara kom til mín og ég setti það á mynd.“



Sovéskur fréttapular. Hann er að öllum líkindum að segja frá úrslitum kosninganna í Bandaríkjunum.

Ljósmynd Mbl: Kristján Einarsson

Einkaaðili tekur á móti sjónvarpssendingum um gervihnött í fyrsta skipti hér á landi

FYRIRTÆKIÐ Hljómbær hf. hefur komið sér upp tækjum til móttöku á sjónvarpssendingum um gervihnött og var fréttamönnum í fyrradag boðið að fylgjast með sendingum sovéska sjónvarpsins í tilefni af því. Kom í ljós að myndgæði voru mikil, ekki að sjá síðri en þegar horft er á íslenska sjónvarpið.

Enn sem komið er, er þess aðeins kostur að sjá sendingar þessa gervihnattar, því gervihnettir ýmissa annarra landa eru ekki enn komnir upp. Sovéski gervihnotturinn sem um ræðir nefnist Horisont I og er yfir miðbaug á 13 gráðu vestlægrar lengdar, í 36 kílómetra hæð yfir jörðu. Hann sendir efni á þrem aðskiljanlegum rásum og mátti einnig sjá við þetta tækifæri

sjónvarpssendingar frá Kúbu. Á árunum 1985 og '86 er áætlað að koma upp gervihnöttum frá Vestur-Þýskalandi, Bretlandi, Luxemborg og Frakklandi og ættu sendingar frá þeim gervihnöttum að nást hér á landi með þessum útbúnaði, verði þær ekki truflaðar. Liggja þær jafnvel betur við okkur, þar sem þær verða nær okkar lengdargráðu.

Það er diskur, þrír metrar í

þvermál, sem nemur sendingarnar, auk þess sem þörf er útbúnaðar til að breyta sendingamerkjum hnattarins fyrir sjónvarp. Heildarkostnaður þessa útbúnaðar uppkominn er um 300 þúsund krónur. Er jafnvel talið að tveggja og hálfis metra diskur sé nægjanlegur og er þá kostnaðurinn 250 þúsund.

Opið hús verður í versluninni Hljómbæ að Hverfisgötu 103, laugardaginn 6. nóvember frá klukkan 10–16.00, þar sem þessi útbúnaður verður kynntur.

Orðsending til Kópavogsbúa

Við höfum nú tekið við rekstri hárgreiðslustofunnar að Þinghólsbraut 19, Kópavogi.

Við bjóðum auðvitað alla almenna hársnyrtingu svo sem: permanent, klippingu, lagningu, hárbvott, litun, blástur, strípur, skol, djúpnæringu o.s.frv.

Við höfum opið frá kl. 9—18 á virkum dögum og frá kl. 9—12 á laugardögum.

Við tökum við pöntunum í síma 40369.



Verið velkomin

Birna Ólafsdóttir, hárgreiðslumeistari.
Margrét Guðmundsdóttir, hárgreiðslusveinn.